



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Kjölföt

Endalok eða nýtt upphaf

Guðrún Helga Kristjánsdóttir

Lokaritgerð til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Kjölföt
Endalok eða nýtt upphaf

Guðrún Helga Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í fatahönnun
Leiðbeinandi: Elísabet V. Ingvarsdóttir

Fatahönnun

Hönnunar og arkitektúrdeild
Desember 2015

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BA-prófs í fatahönnun. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Úrdráttur

Við notum gjarnan föt til þess að aðgreina okkur frá öðrum. Um leið er fatnaður ákveðið stjórnunartæki sem skipar okkur í sérstaka hópa sem við getum með fötum sýnt að við erum hluti af.

Kjölföt eru dæmi um föt sem hafa margvíslega merkingu. Markmið þessara ritgerðar er að varpa ljósi á það, hvernig kjölfötin urðu til og hvernig ákveðin þróun hefur verið á útliti þeirra. Einnig tek ég fyrir hvernig almenn notkun þeirra, eins og hún var upphaflega, er að miklu leyti að fjara út. Í ritgerðinni skoða ég einnig hvernig kjölfötin hafa þróast með tilliti til annarra tískustrauma og hvort að kjölföt fylgi sömu stefnubreytingum og annarskonar fatnaður.

Síðastliðin tvö hundruð ár hafa kjölföt að miklu leyti haft sess sem tákngervingur valds og fyrirmennsku.

En af hverju urðu kjölföt sá fatnaður sem mektarmenn síðustu árhundruð völdu sér að klæðast? Hér er leitast við að svara þeirri spurningu með því að skoða hönnun þeirra, snið og form og hvað það er sem gerir þau jafn klæðileg og almennt er álitid. Einnig er rýnt í þróun þeirra, og hvernig sumt þar er háð tilviljunun og annað er háð kröfunni um meiri þægindi.

Hvað ber framtíðin í skauti sér? Munu kjölföt deyja út og smókinginn á endanum taka yfir? Eða munu kjölföt verða innblástur fyrir fatahönnuði og/eða endurhönnuð af fatahönnuðum? Ritgerðin mun taka dæmi um hönnuði sem notað hafa kjölföt sem innblástur í hönnun sína eða hafa endurhannað þau í hönnun sinni.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	7
Hvaðan koma kjólfjöt?	8
Kjólföt: Sníðagerð og reglur	13
Kjólföt í nýrri mynd	17
Lokaorð.....	22
Heimildaskrá	24
Myndaskrá	25

Inngangur

Frá bernsku hef ég fylgst með föður mínum klæða sig í kjólföt í það minnsta einu sinni í viku. Sem ung stelpa vakti fatnaðurinn athylgi mína í hvert sinn sem ég sá hann klæðast fötunum. Faðir minn er hluti af Frímúrarareglunni á Íslandi og einkennisklæðnaður reglunnar eru kjólföt.

Mér finnst þessi klæðnaður fallegur. Einkum finnst mér formin og hönnunin áhugaverð. Að baki kjólfatanna er tvöhundruð ára gömul saga. Það má segja að í byrjun 18. aldar hafi fyrsta form kjólfata myndast. Á þessum tíma var algengt að menn stunduðu morguníþróttir sem voru útreiðar. Þetta gerðu margir daglega en á þessum tíma klæddust menn hnésíðum kápum (e. frock coat). Kápan er talin eiga uppruna sinn í herklæðnaði þessa tíma. Sagan segir að þessi jakki hafi ekki verið mjög hentugur að vera í þegar stigið var á bak, en menn dóu nú ekki ráðalausir á þeim tíma og klipptu jakkann stuttan að framan, en leyfðu síddinni að haldast að aftan. Þetta gerði þeim auðveldara að komast á bak.¹

Samfélagslegar aðstæður á þessum tíma höfðu áhrif á hvað komst í tísku og var leiðandi í fataframleiðslu fyrir karla. Í lok 18. aldar urðu klæðskerar leiðandi í herratísku þess tíma og það var aðalega vegna mikillar reynslu þeirra og næmni sem var í gerð efna og efnavinnslu. Fyrir fagmenn þessa tíma var ekki erfitt að breyta hinni klassísku sveitakápu í fallega herrakápu. Maður að nafni Beau Brummell (7 júní 1778 – 30 mars 1840) var frumkvöðull þegar kom að klæðnaði. Hann var sá sem samþykkti nýja tiskustrauma á þessum tíma og sagan segir að hann hafi tekið sveitlyktina úr frökkunum og þurrkað drulluna af stígvélunum. Hann bar meira að segja freyðivín yfir stígvélin til að fá þau til að glansa. Brummell krafðist þess að jakkarnir yrðu vel sniðnir og litu út eins og hann vildi sjá þá á réttan hátt.²

Í ritgerð þessari er ætlunin að kafa dýpra í þróun kjólfata. Ætlunin er að kanna hvaðan fötin koma og þá einkum hönnun þeirra, forvitnast um stífar reglur í kringum kjólfötin þegar kemur að sníðagerðinni, hvort eða hvernig hönnuðir hafa nýtt sér kjólföt sem innblástur og loks hvort kjólfata bíði endalok eða nýtt upphaf.

¹ Waugh, Nora, *The cut of man clothes 1600-1900*, bls 112-113, Faber and Faber ltd, London, 1964

² Waugh, Nora, *The cut of man clothes 1600-1900*, Faber and Faber ltd, London, 1964

Hvaðan koma kjólföt?

Sagt hefur verið að þegar John F. Kennedy hætti að bera hatta, í byrjun sjöunda áratugarins, þá hafi menn á svipstundu hætt að ganga með hatt í Bandaríkjunum og Norður Evrópu. Þannig getur tískan breyst mjög hratt. Saga kjólfatajakkans byrjaði sem handhæg breyting á reiðfrakka og færðist yfir í að vera sá fatnaður sem var notaður í viðhafnarboðum af hirðfólki og valdsmönnum. Á svipstundu getur tískan breyst. Fötin sem við sjáum herra menn meira klæðast í dag er smóking og hefur hann meira og minna tekið yfir af kjólfötunum, af þeirri sömu ástæðu og kjólfatajakkinn tók yfir af annarri tísku sem var ríkjandi á sínum tíma.³

Af hverju finnst mér áhugavert að skoða hvaðan kjólfötin koma? Kjólföt eru jú frekar sérstök föt sem fólk klæðist sjaldan. Í grein eftir Nicholas Antongiavanni úr tímaritinu *City Journal* lýsir hann því hvernig tveir heimspekingar lýsa hegðun manna.

Gríski heimspekingurinn Aristoteles lýsti hegðun manna á eftirfarandi hátt:

Sá er vill standa hæst, vera mikilfenglegur, hafinn yfir eynd og fátækt annarra, útskýrir frelsi sitt með því að vera öðrum fremri. Alan Bloom heimsspekingur sagði: Maðurinn elskar fallega en óþarfa hluti.⁴

Í tískuheimi karlmanna er það heldur ekkert skrítið að kjólföt hafi uppfyllt þann draum manna að líta vel út. Ekki eru til mörg dæmi um klæðnað sem eykur virðuleika karlmanna jafn vel og kjólföt. Efnið liggur vel og sniðin láta hávaxna, feita, mjóa, og lága líta sérlega vel út. Gott dæmi um þetta er kvikmyndaleikarinn og dansarinn Fred Astaire, en hann var lítill og horaður og ekki sérlega myndarlegur. Þegar hann klæddist kjólfötum þá sá maður Fred Astaire ekki sem lítinn og horaðan, heldur flottan og virðulegan, enda klæddist hann kjólfötum í kvikmynd eftir kvikmynd.⁵

Eins og flest önnur sniðin föt í dag þá var upphaf kjólfatajakkans reiðklæðnaður. Um miðja 17. öldina hefur ráðagóður Englendingur, sem var vanur að ríða út í frakka, ekki viljað að hann krumpaðist að framan, ekki viljað vera með framhlið jakkans á hnakknefinu. Því fór hann til klæðskera síns og bað hann um að taka efnið á

³ Antongiavanni, Nicholas, „City Journal: Tailcoat: An Elegy“ Brian C. Anderson, Manhattan institute

⁴sama grein

⁵ sama grein

jakkanum að framan í burtu. Afturhluti jakkans lá þá með síðu hestins. Síðar hefði hann getað skorið af frakkanum allan hringinn og klæðst jakka eins og við þekkjum hann betur í dag. En hann lét duga að taka efnið einungis framan af jakkanum. Við þekkjum það úr sögunni að svona hlutir gerast stig af stigi. ⁶

Rúmmlega hálfri öld seinna færði George Beau Brummell, frumkvöðull úr millistétt í Bretlandi sem lærði í hinum virta skóla Eton, þessa tískustrauma úr sveitinni til stórborgarinnar. Hann lagði mikinn metnað sinn í það að komast til metorða innan breskrar hirðar og fyrimenna. Eftir að hafa sagt sig frá hermennsku fluttist Brummell til London og gerðist hefðarmaður í þeirri borg. Brummel sjálfur hafði hvorki ráð né forsendur til þess að klæðast fatnaði sambærilegum þeim sem hefðarstéttin klæddist. Ofan á það var það ekki til hæfis og í raun beinlínis hjákátlegt að maður í stöðu Brummels færi að klæða sig í fatnað sem ekki tilheyrði hans stétt. Það var ekkert ósvipað því og að setja bardagamann í ballettbúning. ⁷

Í stað þess að reyna að berjast á heimavelli hefðarfólksins lagði Brummel á það ráð að breyta tiskunni. Og ekki leið á löngu þar til hefðarfólkið fór að klæðast kjólfötum í stað þess að vera í sokkabuxum, flaelisskóm og öðrum dýrum pjáturfötum. Hann breytti reglunum og á endanum færði hann okkur aðsniðinn jakka, hvíta stífa skyrtu og leðurskó. Efnin í kjólfötunum voru dökkblá ullarefni í stað bjartra lita og silkiefna. ⁸

Það voru margir sem tóku upp nýjar fatavenjur Brummels og þá aðalega menn sem voru kallaðir „dandys“. Í nýju fötunum virkuðu þeir of finir miðað við tilefnið, en á sama tíma var fágunin í nýja fatnaðinum þannig að hann aðskildi þá frá restinni af almúganum.

Brummell náði að setja mark sitt á tiskusöguna með vinskapi sínum við prins George, sem varð síðar George IV konungur Bretlands. Í gegnum þann vinskap tókst Brummell að breiða út nýju klæðin. Kjólfötin urðu tiskufatnaður um alla Evrópu og varð einkennisklæðnaður karlmanna næstu 100 árin. ⁹

⁶ sama grein

⁷ sama grein

⁸ Waugh, Nora, *The cut of man clothes 1600-1900*, Faber and Faber Ltd, London, 1964, bls 112-113

⁹ Antongiavanni, Nicholas, „ Tailcoat: An Elegy, “ *City Journal* Brian C. Anderson, Manhattan institute, 2003

Brummell náði að gera kjólföt að fatnaði sem var notaður daglega af herramönnum. En hvenær varð þessi klæðnaður samþykktur sem kvöld- og viðhafnarklæðnaður? Á 17. öldinni þótti það til síðs að skipta um föt á kvöldin eftir að menn voru komnir í hús til að snæða kvöldverð. Helsta ástæðan var sú að yfir daginn ferðust menn á hestum og gátu orðið óhreinir. Og það þótti ekkert sérstaklega þrúðmannlegt að koma til kvöldverðar lyktandi og illa til hafður, svona sérstaklega ef konan þín sat til borðs með þér.

Kjólföt urðu að kvöldklæðnaði eftir 1830 eða eftir dauða konungsins George IV. En hann klæddist aldrei kjólfötum að kvöldi til þó hann klæddist þeim gjarnan á daginn. Hann fór einnig fram á það að hástettin í Bretlandi gerði slíkt hið sama. En bróðir hans og arftaki krúnunar þegar George IV dó, kærði sig kollóttan. Þegar hann gerði enga formlega kröfu um klæðnað þá stukku menn á tækifærið og byrjuðu að nota kjólfötin sem kvöldklæðnað, enda mun klæðilegri og þægilegri klæðnaður en sá klæðnaður sem þeir notuðu fyrir þann tíma.

Um árið 1860 voru kjólfötin einungis notuð sem kvöldklæðnaður. Sú þróun varð til þess að menn klæddust eftir það enn einfaldari og þægilegri fatnaði á daginn. Hestasveinar utan af landi leiddu þessa þróun enda gátu þeir leyft sér meira frjálsræði í klæðaburði en hinn venjulegi hefðarmaður. Á þessum tíma voru kjólfötin að mestu komin í það snið sem við þekkjum í dag. Þau þróuðst lítilega einkum fyrir tilstilli herbúninga. Fóru þá bæði jakkinn og buxurnar að vera í sama lit og úr sama efni.¹⁰ Þetta byrjaði með því að menn voru að aðgreina sig eftir stöðu innan stjórnkerfisins eða innan stéttar. Það virðist vera í mannlegu eðli að reyna að búa sér til veruleika sem er betri eða æðri næsta manni. Einhventíma á leiðinni dökknaði klæðnaðurinn frá því að vera blár yfir í að vera svartur. Það eru skiptar skoðanir á litabreytingunni. Sumir vilja rekja hana til rithöfundarins Edward Bulwer Lytton, en hann vildi meina að fólk sem líti vel út í svörtu væri öðru fólki fremra. Aðrir hafa nefnt að með iðnbyltingunni hafi sót í andrúmsloftinu verið mikið og það að klæðast svörtu hafi í raun verið þægilegra og einfaldara heldur en ekki.¹¹

Hvað sem litavali líður þá voru kjólföt kvöldklæðnaður allt fram til ársins 1880, þegar sonur Viktoríu drottningar, Edward Játvarður 7, gaf nýjan tón sem átti eftir að

¹⁰ Waugh, Nora, *The cut of man clothes 1600-1900*, Faber and Faber Ltd, London, 1964

¹¹ Antongiavanni, Nicholas, „City Journal: Tailcoat: An Elegy “ Brian C. Anderson, Manhattan institute

umbreyta klæðaburði karlmannna.¹² Í þá daga reyktu flestallir menn en ekki margar konur. Hefðarheimili voru því ávallt með reykerbergi þar sem karlmennirnir gátu notið tóbaksins. Þegar þeir fóru inn í þessi herbergi þá klæddust þeir reykjakka yfir kvöldklæðnað sinn og var það til þess að fá ekki vonda lykt í klæðnaðinn, sem myndi smita út frá sér þegar þeir kæmu úr reykerberginu til að eiga samsæti með konunum áfram. Edward lét á þessum tíma hanna fyrir sig jakka úr ullarefni í staðinn fyrir flauel og var sá jakki svartur í stað þess að vera fjólublár eða flöskugrænn eins og jakkarnir voru. Edward var einungis í þessum jakka á sveitasetrinu sínu eða í bæjarklúbbunum sínum. Bæjarklúbbar í Bretlandi voru samkomustaðir karla á þessum tíma. Hann var aldrei í þessum jakka ef konur voru með í för. Þessi jakki varð síðan forskriftin að smóking jakka eins og við þekkjum hann í dag.¹³

Sagan segir að ungur Ameríkani, að nafni Griswold Lorillard, hafi eitt sinn séð að Edward notaði í laumi þennan jakka. Hann fékk klæðskerann sinn til að útbúa samskonar jakka fyrir sig. Lorillard mætti í jakkanum á haustball í Tuxedo klúbbnum í New York. Fólkið fékk áfall ýmist af aðdáun eða vanþóknun og var honum vísað á dyr. Smókingjakkinn kom ekki fram á sjónarsviðið næstu 30 árin á meðal almennings, en vegna hugrekkis Lorillards og þess að smókingurinn var mjög þægilegur, þá létu margir karlmenn sauma á sig samskonar jakka. Þeir notuðu hann mest í steggjærveislum. Smókingurinn, í Bandaríkjunum kallaður tuxedo, varð keppninautur kjólfatanna og hefur á endanum unnið sig inn í hjörtu manna.¹⁴

Það þurfti annan prins, Prinsinn af Wales, Edward Játvarð VII, til að gera smókinginn að klæðnaði, sem menn vildu bera á almannafæri. Ekki liggur fyrir skýring á því hvað varð til þess. En það er ljóst að prinsum leyfðist fleira en óbreyttum borgurum og mögulega var það vegna aukins frjálsræðis, sem komið var árið 1920, að menn hafa slakað eilítið á. Einnig getur verið að ungir menn hafi verið orðnir dauðþreyttir á því að klæðast kjólfötum í allan þennan tíma. Það má þó koma fram að Edward Játvarður VII var Brummell síns tíma og braut flestar reglur sem voru þá í gangi.¹⁵ Nefna má að skyrtnan breyttist úr því að vera stíf og óþægileg, í skyrtnu sem var mýkri

¹² Peacock, John, *Mans Fashion the complete source book*, Thames and Hudson Ltd, London, 1996, bls 99

¹³ Antongiavanni, Nicholas, „City Journal: Tailcoat: An Elegy “ Brian C. Anderson, Manhattan institute, 2003

¹⁴ sama grein

¹⁵sama grein

og þægilegri. Einnig voru skirturnar með venjulegan stíf-flibba skyrtukraga í staðinn fyrir vængjakraga (e.wing collar) og svo fóru þeir að nota svartar slaufur í stað hvítra.¹⁶ Með þessu varð til formlegur klæðnaður og óformlegri klæðnaður þ.e. kjólföt og smóking.

Seinni heimstyrjöldin markaði þáttaskil í notkun á kvöldklæðnaði og dagklæðnaði. Á þessum tíma var mjög farið að draga úr þessu í Bandaríkjunum og á öðrum stöðum þótti ekki við hæfi að klæða sig upp eða að eyða púðri í það, enda voru flestir menn á stríðsvellinum að berjast. Eftir þetta eru kjólfötin sjaldnar tekin út úr skápnum. Helst þó ef frumsýning var í óperunni, brúðkaup eða einhverjar skrýtnar veislur. Félagsskapur eins og frímúrarar, oddfellóvar og álíka samtök á Íslandi nota kjólfötin sem einkennisklæðnað sinn, en þó er það ekki svo í öllum löndum.

Evrópubúar hafa haldið í hefðina að halda gjarnan ríkiskvöldverði eða veislur þar sem skipað er fyrir um að gestir og þá karlar klæðist kjólfötum. Það verður oft til þess að ergja Bandaríkjamenn þar sem þeir þurfa að leigja sér eða kaupa slíkan fatnað af því tilefni, enda óvanir slíkum kröfum.¹⁷

¹⁶ Peacock, John, *Mans Fashion the complete source book*, Thames and Hudson ltd, London, 1996, bls 99

¹⁷ Antongiavanni, Nicholas, „City Journal: Tailcoat: An Elegy “ Brian C. Anderson, Manhattan institute , 2003

Kjölföt: Sníðagerð og reglur

Þegar kemur til Íslands hefur hefð fyrir kjölfötum aðalega tengst ákveðnum félagasamtökum eða svokölluðum reglum eða hátíðlegum tækifærum s.s. brúðkaupum. Notkun fyrimanna á fötunum hér á landi og annars staðar hefur minnkað til muna þó hún sé enn til staðar í ákveðnum serímoníum. Mér þótti áhugavert að kanna hversu algengt er að fötin séu saumuð á Íslandi og leitaði því til Sigrúnar Lindu Kvaran klæðskerameistara og kennara í faginu. Sigrún lærði sjálf í Iðnskólanum í Reykjavík og kennir hún núna í sama skóla sem nú er rekinn undir nafninu Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins. Þegar hún var við nám var það ekki skylda að læra að sníða kjölföt. Sigrún lærði sníðagerð kjölfata sjálf hjá sínum meistara. Á þeim tíma var hinsvegar kennd sníðagerð smókingfata, en það er líklega það sem kemst næst kjölfötum en er þó ekki það sama.¹⁸ Sigrún Kvaran hefur kennt undanfarin 18 ár á lokaönninni á fataiðnbraut við Tækniskólann. Sigrún kom því að, þegar hún hóf störf, að gera sníðagerð kjölfata að skyldu:

„Mér finnst algjörlega nauðsynlegt að nemendur fari í gegnum kjölfötin í það minnsta einu sinni. Mér finnst ekki við hæfi að nemendur útskrifist án þess að kunna skil á þessari sníðagerð. Sá sem hefur ekki tók á að sníða kjölföt er ekki alvöru herraklæðskeri“.¹⁹

Sigrún segir það gefa sér og öðrum klæðskerum almennt mikið að fá það verkefni að sérsauma kjölföt á herra menn útí bæ. Hún segir þetta vera ánægðustu viðskiptamennina. En hver ætli sé ástæðan fyrir því? Sigrún segir:

„Sníðið er þannig að það skiptir engu hvort að menn séu litlir, háir, mjóir eða feitir, þeir verða allir óaðfinnanlegir í fatnaðinum. Sníðið er flókið og svo eru lítil brögð sem við notum til að láta menn líta vel út.“²⁰

Sníð kjölfata er frekar flókið og þannig að efri hlutinn er margskiptur. Hann er með mörgum saumum sem leggjast og formast vel að líkamanum. Jakkinn er frekar

¹⁸ Viðtal höfundar við Sigrúnu Kvaran, 2 Nóvember, 2015

¹⁹ Sama viðtal

²⁰ Sama viðtal

aðsniðinn að ofan án þess að maður sjái það beint, því svo kemur stélið laust niður að aftanverðu og liggur ekki eins þétt að líkamanum.²¹

En aðferðarfræðin við það að láta alla líta vel út er að sníða á menn með tilliti til líkama hvers og eins. Til dæmis er mittislínan færð aðeins upp á manni sem er lávaxinn og buxurnar sniðnar enn hærra upp. Þá lítur maðurinn út fyrir að vera hærri og einnig grennri en hann raunverulega er.

Í dag er þetta orðið miklu frjálssara en áður. Fólk leyfir sér allt mögulegt. Kjölföt eru nú mikið fjöldaframleidd og þá er ekki hægt að ná fötunum eins flottum fyrir hvern og einn, því ekki er hægt, í fjöldaframleiðslunni að færa t.d mittislínuna upp eða niður skv. vexti manna. Einnig eiga kjölföt að vera úr 100% ull, en þau eru mikið framleidd úr polyester í dag. Það kemur ekki eins vel út og fötin verða mun flatari. En ástæðan fyrir þessu er að fötin eru mun léttari þegar þau eru ekki klæðskerasaumuð og ekki eins heit þegar þau eru úr polyester. Þetta voru náttúrulega yfirhafnir í gamla daga. Áður fyrr var ullin kembd úr hnausþykku kambgarni, en í dag eru fötin gerð úr ull sem er mun léttari. Sigrún segir litinn líka vera mun betri í ullinni heldur en í polyester efni. Ullin er alveg svört en polyesterefnið svona kolgrátt.

Sigrún segir litlar villur vera algengar þegar menn klæða sig í fötin. Vestid, sem er undir jakkanum, á að vera jafn sítt og jakkinn að framan, en hún vill meina að allt of margir menn hafi ekki hugmynd um þetta. Hún segir að vestin nái oft langt niður fyrir jakkann. Hún telur það synd að um þetta skuli ekki vera vitneskja hjá sölumönnum eða þeim sem standa í fjöldaframleiðslu. Það myndi gera fötin svo miklu fallegri á mönnum ef þetta atriði væri rétt. Sigrún segir Ólaf Ragnar Grímsson, forseta, vera gott dæmi um hvernig eigi að klæða sig rétt í kjölfötin. (sjá mynd 2)



Mynd 2. Á myndinni má sjá að Ólafur er eini sem er með vestid rétt sniðið og í samræmi við jakkan

²¹ Sama viðtal

Einnig hefur efnið á jakkakraganum aðeins breyst. Í dag er það satin sem er glansandi hlutinn á kraganum, en áður fyrr var silki handsaumað á kraganum.

Buxurnar hafa líka breyst í tímans rás. Þær voru alltaf víðar, svo á einhverjum tímamarki komu brot í buxurnar. Það heldur hún að hafi gerst á millistríðsárunum. Í dag er brot í þessum buxum. Þær eru með litlu falli að framan og eru háar í mittið. Vestíð á síðan að koma yfir mittið á buxunum. Það er ekki hægt að hafa belti á buxunum þær verða að haldast uppi með axlaböndum.

Svo má ekki gleyma skyrtnuni. Hún er úr þunnri bómull. Nema brjóstið það er úr stífaðri 100% bómull, sem er heft og hömruð og þannig verður hún með hrufóttri áferð.

Sigrún segist vilja halda í þessar gömlu góðu reglur á fatnaðinum, því þannig kemur fatnaðurinn bara einfaldlega betur út á mönnum. Hún spyr sig hversvegna ekki megi bara halda í það sem sérstakt er.

Sigrún líkir þessu við flottustu galakjólana hjá konum. Þeir eru t.d alltaf síðir. Það er bara skilyrði. Hægt er að segja að kjólfötin falli í sama flokk hjá körlum og eigi því að lúta ákveðnum lögmálum.

Ef til vill getur ein ástæða fyrir því að hönnuðir nýta sér kjólfötin sem innblástur vera vegna þess hvernig þau „klæða alla“ eins og Sigrún Linda Kvaran klæðskerameistari orðaði það.²²

²² sama viðtal

Það má sjá á myndum úr hönnun eftir Youjiajin að hún notar formið úr kjólfötunum mikið en blandar því saman við annað sem veitir henni innblástur. Margar af hennar flíkum eru til að mynda síðari að aftan en styttri að framan á sama hátt og kjólfötin.²³



Mynd 3 Youjiajin vetur 2015

Áður en Sigrún hóf störf sem kennari var talsvert mikið um að hún saumaði kjólföt fyrir dansskólana. Þau eru allt öðruvísi sniðin. Þó var svipuð uppbygging, en til dæmis var stélið síðara og síðan er jakkinn styttri niður í mitti. Það er engin hreyfivídd í þeim, dansararnir voru bara fastir í fötunum eins og þau eru. Það má t.d ekki vera með axlapúða, ermarnar voru mjög þröngar. Dansararnir verða eiginlega bara hálf kjánalegir ef þeir setja handleggina niður.

En þetta er gert til þess að útlitð á kjólfötunum sé sem best í dansinum. Þetta eru kjólföt sem þjóna einungis danstílgangi. Sigrún segir að þetta sé alþjóðlegt. Svona sé þetta gert alls staðar í dansheiminum.

Stélið er síðara að aftan hjá dönsurunum heldur en það er á venjulegum kjólfötum, því það þykir fallegra. Svo er galdurinn að setja 50 punda pening eða 50 kr. inn í sitthvort hornið til að halda stélinu niður með þyngdinni.

Að lokum finnst Sigrúnu að við eigum að halda kjólfötunum heilögum, vera trú hefðinni og ekki að vera að leika okkur með þau.²⁴

²³ Youjiajin, Collection, 5.Nóvember http://youjiajin.com/collections_autumn_winter/

²⁴ sama viðtal

Kjölföt í nýrri mynd

Það hafa ótal margir hönnuðir notað form kjölfata sem hluta af sínum innblæstri við hönnun. Sem dæmi má nefna hönnuði hjá bandaríska merkinu Ralph Lauren, þýska hönnuðinn Karl Lagerfeld og kínverska hönnuðinn Youjiajin.

Youjiajin er ungur og framúrskarandi hönnuður. Hún er fædd og uppalin í Kína en lærði og býr í London. Hún útskrifaðist með meistaraþráðu í fatahönnun með áherslu á kvenfatnað frá London College Of Fashion árið 2014.²⁵ Fyrir þann tíma lærði hún í heimalandi sínu Kína. Þar vann hún til verðlauna fyrir hönnun sína. Í hönnun sinni rýnir hún mikið í sérsaumaðan karlmannsfatnað og nýtir hann í hönnun kvenfatnaðar. Hún notast einnig við smókingjakkann sem fyrirmynd í hönnun sinni, þar sem hún leikur sér með mörg lög af efnum. Litavalið felst aðallega í því að nota pappírshvítan lit auk náttúrulegra lita og grárna litatóna.²⁶

Hún notast bæði við herra- og kvenmanns klæðskerasaum og það er eins og allt hafi verið tekið í sundur og endursamað aftur saman. Ekki til að virðast á skjön heldur til að búa til eitthvað nýtt og ný form með þessum hætti. (sjá mynd 4 þessu til staðfestingar).

Kragar, kragabrot (e.lapel) og axlapúðar sem eiga sér fyrirmynd úr jakkafötum herra eru sett aftur saman með kvenlegum smáatriðum sem sækja má í hefðbundin kjólasnið eða form frá einskonar slám eða skikkjum.²⁷ (sjá mynd 3 og 4)



Mynd 3: Jakki úr fatalínu Youjiajin haust/vetur 2015



Mynd 4: Youjiajin haust/vetur 2015

²⁵ Youjiajin, About, 5. Nóvember 2015, <http://youjiajin.com/about/>

²⁶ sama og síðasta

²⁷ Anna Sanders, 23 mars 2015, interview designer youjiajin, 5. Nóvember 2015, <http://beautifulsavag.com/fashion/interview-designer-youjia-jin/>

Karl Lagerfeld er einn af þeim sem hefur endurhannað kjólfatajakka, en notast við önnur efni en hefð er fyrir. Hann er þó talinn hafa annars konar hönnunaráherslur þar sem hann hefur frasa arkitektsin Mies van der Rohe að leiðarljósi „minna er meira” eða á ensku „less is more”. Lagerfeld leggur áherslu á einfaldleika og glæsileika. Hann byggir hönnun sína mikið á sníðamennskunni og hvernig hann útfærir saumana sjálfa auk ýmissa smáatriða. Hann heldur sér gangandi á sköpunarþrá sinni og orku, en fyrir honum er dagleg rúttína hræðileg.

Karl Lagerfeld hefur verið yfirhönnuður hjá fjölmörgum tískuhúsum, meðal annars sínu eigin. Hann kemur nýju lífi inn í hefðbundinn klæðnað, hann er talinn einstakur með alla sína hönnun og hefur gaman af að því að taka nýjum áskorunum þegar kemur að hönnunferlinu.²⁸

Karl Lagerfeld er ekki bara þekktur fyrir sín klassísku snið, heldur líka hvernig hann nýtir sér fyrirbæri úr náttúrunni sem innblástur. Hann er jafnframt einn af þeim fjölmörgu sem hefur endurhannað kjólföt á nýjan hátt. Gott dæmi er kjólfatajakinn á mynd nr. 5 þar sem hann í raun endurhannar kjólföt.²⁹



Mynd 5: Kjólfatajakki eftir Karl Lagerfeld

²⁸ Renae Boyer, Sources of inspiration and design philosophy, Karl Lagerfeld, 5. Nóvember, <http://karllagerfeld.weebly.com/sources-of-inspiration-and-design-philosophy.html>

²⁹ sama grein

Ralph Lauren, eins og Karl Lagerfeld, er einn af þeim sem hefur margoft endurhannað kjólföt, en einnig notað formið sem innblástur fyrir annarskonar hönnun. Í línu sinni sem hann gerði fyrir haustið 2013 var línan að hluta til hönnuð undir áhrifum kjólfata. Á síðunni style.com er línunni hans lýst og þar kemur fram að hún hafi haft að geyma kjólfatajakka úr krepefni og víðar sjóliðabuxur við.



Mynd 6 og 7. Hér má sjá föt úr línu Ralph Lauren haust 2013

Ralph Lauren hefur einnig endurhannað kjólfatajakka fyrir konur. Dæmi um það er silóettan sem er sótt úr hinum upprunalega kjólfatajakka. Hér að neðan má sjá myndir af hönnun eftir hann. Á mynd nr. 8 sést mjög vel að hér er verið að endurhanna kjólfatajakka, jakkinn er einnig gerður úr sömu efnum og sá upprunalegi þar sem að kraginn er úr blöndu af silki og satinefni og jakkinn sjáfur úr 100% ull.³⁰



Mynd 8

³⁰ Ralph Lauren, sótt 5.Nóvember
<http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935856&parentPage=family>

Silóttan á mynd nr.9 svipar aftur á móti ferkar til jakkans sem kjólfatajakkinn breyttist úr sem má kalla kjólfrakka (e.frock coat) og er jakki Ralph Lauren úr 100% ull með vélúrkraga til að hafa mótvægi í efnisvali. ³¹



Mynd 9 og 10

Hér er skirt dæmi um hvernig hönnuður hefur nýtt sér 18. aldrar form kjólfrakkans (e. frock jacket) sem í raun er forveri kjólfatajakkans. En þess var getið í upphafi þessara ritgerðar að kjólfatajakkinn átti sér sömu rætur þegar framstykki jakkans var klyppt burt. (Sjá mynd 10)

³¹ Ralph Lauren, sótt 5.Nóvember <http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935816>

Lokaorð

Í inngangi ritgerðarinnar voru lagðar fram eftirfarandi spurningar.

Hvaðan eru kjólfötin komin eða hverjar eru rætur hönnunar kjólfatanna.

Hvers vegna hafa verið til staðar stífar reglur um snið og efnisval.

Þá hvort og hvernig hönnuðir á okkar tímum hafa nýtt sér kjólfötin og form þeirra sem innblástur í nútíma hönnun.

Og loks hvort kjólfata bíði endalok eða nýtt upphaf.

Í ritgerðinni er komist að þeirri niðurstöðu að form og rætur kjólfatanna megi rekja til hugdettu, þegar breskir hefðarmenn ákváðu að klyppa framhluta reiðkápu sinnar stuttan að framan, í raun til þæginda í útreiðum.

Hugmyndarauðgi og vinatengls Beau Brummell urðu til þess að klyppti reiðjakkinn varð þróaður í vandaðan hefðarklæðnað eins og kjólföt hafa verið þekkt fyrir síðar.

Í viðtali við Sigrúnu Lindu Kvaran, kennara við fataiðnbraut í Tækniskólanum, kom fram hvernig og hvers vegna hönnun og sniðagerð kjólfata er bundin nokkuð stífum reglum um form og efnisval.

Dregin voru fram nokkur dæmi úr nútímahönnun þar sem hönnuðurnir hafa augljóslega nýtt sér kjólfötin og í sumum tilvikum forvera kjólfatanna sem fyrirmynd, innblástur eða óbeina skírskotun. Sem dæmi slíku til staðfestingar voru nefnir hönnuðurnir, Youjiajin, Karl Lagerfeld og Ralph Lauren. Þessu til staðfestingar voru í ritgerðinni sýndar ljósmyndir með dæmum um slíka hönnun.

Um endalok kjólfata er erfitt að segja til um og kveða upp endandlegan dóm því þau verða líklega notuð að einhverju leyti áfram af frímúrum, í sérstökum klúbbum og e.t.v. af einstaka brúðgumum. Sagan segir okkur að Englendingar muni væntanlega nota kjólfötin eithvað áfram. Kjólfötin deyja því ekki algjörlega út, þar sem þau eru enn í notkun hjá þjónum, samkvæmisdansherrum í keppnum,

dyravörðum hótela, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þó er augljóst að þau halda ekki sama hlutverki og fyrr á árum. Dæmin sem nefnd voru í nútímahönnun um notkun kjólfata sem innblástur og fyrirmynd eru án efa boð um að kjólfötin eiga sér nýtt upphaf.

Heimildaskrá

Prentaðar Heimildir

- Asheford, Jane: *The art of dress: Clothing and society 1500-1914*, Abrams, 1996
- Byrd, Penelope: *The male Image, Men's Fashion in England 1300-1970*. B.T Batsford Ltd, London 1979
- Croonborg, Frederick: *The blue Book of Men's Tailoring*. Croonborg Sartorial Co. New York and Chicago, 1907
- Harvey, John, *Man in Black*, Reaktion books ltd, Bandaríkin, 1995
- Peacock, John, *Mans Fashion the complete source book*, Thames and Hudson ltd, London, 1996
- Waugh, Nora, *The cut of man clothes 1600-1900*, Faber and Faber ltd, London, 1964

Vefsíður

- Anna Sanders, 23 mars 2015, interview designer youjiajin, 5. Nóvember 2015, <http://beautifulsavage.com/fashion/interview-designer-youjia-jin/>
- Antongiavanni, Nicholas, „ Tailcoat: An Elegy, “ City Journal Brian C. Anderson, Manhattan institute, 2003
http://www.city-journal.org/html/13_3_tailcoats.html
- Ralph Lauren, sótt 5.Nóvember
<http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935856&parentPage=family>
- Ralph Lauren, sótt 5.Nóvember
<http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935816>
- Renaë Boyer, Sources of inspiration and design philosophy, Karl Lagerfeld, 5. Nóvember, <http://karllagerfeld.weebly.com/sources-of-inspiration-and-design-philosophy.html>
- Vouge,2015,5,desember, sótt af: <http://www.vogue.com/fashion-week-review/862302/ralph-lauren-fall-2013/>
- Youjia jin, 2015, 5, desember, sótt af: <http://youjiajin.com/about/>

Munnlegar heimildir

Viðtal höfundar við Sigrúnu Lindu Kvaran, 10. Nóvember 2015

Myndaskrá

Mynd 1: http://youjiajin.com/collections_autumn_winter/
sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 2: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/08/01/forsetinn_settur_i_embaetti/
sótt 3. Desember 2015

Mynd 3: http://youjiajin.com/collections_autumn_winter_2015/
sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 4: http://youjiajin.com/collections_autumn_winter_2015/
sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 5: <http://www.lyst.com/clothing/karl-lagerfeld-paris-tailcoat-jacket-black/>
Sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 6: <http://www.vogue.com/fashion-week-review/862302/ralph-lauren-fall-2013>
Sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 7: <http://www.vogue.com/fashion-week-review/862302/ralph-lauren-fall-2013>
Sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 8:
<http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935856&parentPage=family>
Sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 9: <http://www.ralphlauren.com/product/index.jsp?productId=70935816>
Sótt 5. Nóvember 2015

Mynd 10: <https://www.reconstructinghistory.com/articles/victorian-articles/the-history-of-the-frock-coat.html>
Sótt 5. Nóvember 2015